

Aðalfundur fulltrúaráðs STEFs 18. maí 2023

Fundargerð

Aðalfundur fulltrúaráðs STEFs 2022 var haldinn að Laufásvegi 40 miðvikudaginn 18. maí kl. 16:00.

Mættir voru: Bragi Valdimar Skúlason, Samúel J. Samúelsson, Páll Ragnar Pálsson, Sigurður Flosason, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Pétur S. Jónsson, Hallur Ingólfsson, Óttarr Proppé, Snorri Helgason, Eyþór Gunnarsson, Áskell Másson, Þuríður Jónsdóttir, Ragna Kjartansdóttir, Sigríður Thorlacius, Arnór Dan Arnarson, Magnús Jóhann Ragnarsson, Bergrún Snæbjörnsdóttir, Andri Þór Jónsson, Logi Pedro Stefánsson og Ríkharður H. Friðriksson.

Að auki sátu fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri, og Einar Hafliði Einarsson, endurskoðandi samtakanna. Þá kom fjármálastjóri STEFs, Guðmundur Þór Guðjónsson, einnig inn sem gestur á fundinn þegar fjallað var um ársreikning STEFs.

Formaður fulltrúaráðs, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, setti fundinn og stýrði honum. Bauð hann viðstadda velkomna.

Aðalsteinn gerði grein fyrir fundarboði. Til fundarins var boðað í samræmi við samþykktir STEFs, með fundarboði sem sent var út þann 24. apríl 2023, auk þess sem áminning var send út til fundarmanna daginn fyrir fundinn.

Aðalsteinn lýsti eftir athugasemdum við fundarboðun. Enginn athugasemd kom fram. Á fundinum voru mættir 20 fulltrúar eða varamenn þeirra og var þannig fullnægt skilyrðum samþykktar STEFs um lágmarksmætingu. Lýsti fundarstjóri því fundinn löglegan til að taka fyrir þau mál sem fyrir honum liggja.

Fundarritari var kjörinn Guðrún Björk Bjarnadóttir.

Fundarstjóri minntist í upphafi fallins félaga, Svavars Péturs Eysteinsonar (Prins Póló).

Þá óskaði hann þeim meðlimum STEFs sem fengu heiðursmerki samtakanna á síðasta starfsári til hamingju, en það voru þeir Bjartmar Guðlaugsson, Jón Ásgeirsson og Egill Ólafsson.

Gengið var til boðaðrar dagskrár.

Venjuleg aðalfundarstörf

1. Framkvæmdastjóri flutti skýrslu um starfsemi STEFs á liðnu starfsári. Í máli sínu fagnaði hún góðu rekstrarári 2022, en tekjur fóru þá í fyrsta sinn yfir milljarð króna og þakkaði hún bæði stjórn og starfsfólki gott og árangursríkt samstarf á árinu. Þá minntist hún m.a. á aflagningu flokkunarkerfis STEFs, sem samþykkt var á aðalfundi fyrir ári síðan, sem og stofnunar nýs sjóðs, *Stórverkasjóðs*, í framhaldinu. Nú hafi stjórn þessa sjóðs tekið ákvörðun um fyrstu úthlutun hans. Umbætur á heimasíðu STEFs svo og notendaaðgangi meðlima að

skráningarkerfi STEFs komu einnig til tals, en sífellt er unnið að betrubótum þess. Þá kom hún inn á gerðardóm IHM, sem lækkaði tekjur til STEFs vegna eintakagerðar til einkanota svo og á ágreining við RÚV um sanngjarnt endurgjald, sem nú er fyrir úrskurðarnefnd skv. 57. gr. höfundalaga. Að lokum fagnaði hún því að Alþingi hafi samþykkt Tónlistarlög og tónlistarstefnu og lagt þannig formlega grunn að stofnun *Tónlistarmiðstöðvar*, sem mun hefja rekstur á þessu ári.

Bragi Valdimar, formaður stjórnar, tók einnig til máls. Hann gerði það að sérstöku umtalsefni hversu góður andi hafi ríkt innan fulltrúaráðsins undanfarið og hversu vel hefur tekist til með að færa til betri vegar ýmis innri mál STEFs. Í ljósi þess taldi hann rétt að horfa nú meira út á við og þá sérstaklega til þess, hvernig hægt sé að auka tekjur höfunda erlendis frá, s.s. í gegnum streymi. Þá sagði hann viðskiptaumhverfi STEFs viðkvæmt, með fáum stórum viðskiptavinum á fjölmiðlamarkaði og þrátt fyrir að tekist hafi að auka mjög tekjur af bakgrunnstónlist undanfarin ár, þá séu blikur á lofti þar, s.s. vegna gervigreindar.

Bað Bragi fyrir sérstakar þakkir til starfsfólks STEFs fyrir góð störf, en ljósi verðhækkana sé í raun ótrúlegt að STEFi hafi tekist að halda sig undir 20% kostnaðarhlutfallinu við rekstur skrifstofu STEFs. Þá minntist Bragi á að gaman væri að sjá hve önnur höfundaréttarsamtök líti til STEFs sem fyrirmyndar, bæði erlendis frá og innanlands. Að lokum fagnaði hann sérstaklega stofnun *Tónlistarmiðstöðvar*, sem fyrst var teiknuð upp á borði STEFs.

2. Löggiltur endurskoðandi STEFs, Einar Hafliði Einarsson, gerði grein fyrir lykiltölum úr ársreikningi samtakanna fyrir árið 2022. Ársreikningurinn var endurskoðaður án athugasemda og samþykktur af kjörnum skoðunarmönnum.

Heildartekjur samtakanna námu 1.077 millj. króna á árinu 2022, sem er hækkun um 151 millj., eða um 16,4% frá fyrra ári. Hreinar tekjur ársins námu 868 millj. Króna, sem er aukning um 16,3%. Heildareignir í árslok námu 1.258 milljónum og eigið fé var 910 milljónir.

Spurt var um áhrif verðbólgu á rekstur STEF og að hvaða leyti STEF væri tryggt gegn henni. Var því svarað til að verðskrá STEFs fyrir bakgrunnstónlist fylgir vísitölu og breytist ársfjórðungslega, auk þess sem samningar við stærstu fjölmiðlana nema hlutfalli af heildartekjum þeirra, þannig að STEF er því nokkuð vel tryggt fyrir verðhækkunum.

Þá urðu einnig nokkrar umræður um greiðslu leikhúsa til STEFs fyrir áður útgefna tónlist, en samningar STEFs við leikhúsin eru upp á fasta árlega fjárhæð fyrir tilteknu magni tónlistar. Frekar fá verk séu að fá úthlutað úr þessum föstu samningum, því það hafi færst mjög í vöxt að leikhúsin fái tónhöfunda til að frumsemja tónlist við leikverk. Í þeim tilvikum fari greiðsla ekki í gegnum STEF, en að leikhúsin hafi þó gert rammasamninga um frumsamda tónlist við samtökin og voru höfundar hvattir til að nýta þá.

Að umræðum loknum var ársreikningurinn borinn undir fundinn og hann samþykktur samhljóða.

Framkvæmdastjóri tilkynnti fundinum í samræmi við samþykktir STEFs um að hún sjálf hafi engar greiðslur þegið frá STEFi fyrir utan laun og ekki sé um neinn hagsmunaárekstur að

ræða á milli hennar og samtakanna.

3. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.

Formaður fulltrúaráðs kynnti þá tillögu stjórnar að sömu skoðunarmenn verði kjörnir og áður: Eyjólfur Kristjánsson og Tryggvi M. Baldvinsson. Til vara: Finnur Torfi Stefánsson og Ingi Gunnar Jóhannsson. Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Tilkynning um samsetningu stjórnar fyrir næsta starfsár.

Stjórn STEFs er skipuð á eftirfarandi hátt næsta starfsár:

- Bragi Valdimar Skúlason (formaður)
- Páll Ragnar Pálsson (varaformaður)
- Eyþór Gunnarsson
- Hallur Ingólfsson
- Sigríður Thorlacius
- Sigurður Flosason
- Þuríður Sigurðardóttir

Hefur Páll Ragnar nú komið í stað Þórunnar Grétu Sigurðardóttur, í kjölfar formannsskipta hjá Tónskáldafélagi Íslands. Var hann síðan kjörinn varamaður stjórnar á stjórnarfundum.

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson verður áfram formaður fulltrúaráðs næsta starfsár.

5. Ákvörðun um laun stjórnarmanna og önnur hlunnindi þeirra, ef slíku er til að dreifa svo og laun skoðunarmanna og formanns fulltrúaráðs.

Formaður fulltrúaráðs kynnti tillögu stjórnar, sem lítur að því að stjórnarlausn taki breytingu skv. vísitölu, en séu að öðru leyti óbreytt.

Tillagan var eftirfarandi:

| | |
|------------------------|---------------|
| Almennir stjórnarmenn: | 768.853 kr. |
| Varaformaður: | 1.537.706 kr. |
| Formaður: | 3.075.411 kr. |
| Formaður fulltrúaráðs: | 384.426 kr. |
| Skoðunarmenn: | 135.525 kr. |

Engar aðrar tillögur komu fram. Var tillagan borin upp og hún samþykkt samhljóða.

6. Staðfesting á ramma fulltrúaráðs um tiltekin störf stjórnar STEFs. Þessi rammi setur almenna stefnu STEFs í tilteknum málum í samræmi við lög um sameiginlega umsýslu höfundaréttar nr. 88/2019. Þessi rammi var í fyrsta sinn samþykktur 2019 og hefur verið staðfestur árlega síðan. Á honum eru nú gerðar smávægilegar breytingar sem kynntar voru fundarmönnum.

Samþykkt var að bera þennan ramma upp sem eina heild undir fundinn. Í kjölfarið var það gert og var ramminn samþykktur einróma.

7. Önnur mál, löglega fram borin á fundinum.

Engar óskir bárust fyrir fundinn um að setja á dagskrá önnur mál, en orðið var gefið laust.

Áskell Músson kvað sér hljóðs og ræddi um mismun á þóknun til höfunda og virði tónlistar sem þeir skapa og þá sérstaklega hvað varðar tekjur frá streymisveitum. Til að fá einn dollar í tekjur frá streymisveitu í Bandaríkjunum þurfi þannig 78 streymi. Þá ræddi hann um grasrótina og mikilvægi fjölbreytni tónlistar. Tldi hann að hlúa þyrfti sérstaklega að grasrótinni, en úthlutunarreglur STEFs geti haft veruleg áhrif á frumsköpun verka. Í því sambandi þurfi einnig að horfa til minni tónleikastaða og úthlutunar frá þeim, en verðskrá STEFs miðist við tónleika fyrir 100 manns eða færri. Í raun sé erfitt að halda tónleika fyrir t.d. sígilda- og samtímatónlist fyrir fleiri en 100 manns hér á landi. Í þessu sambandi hafi sú nefnd sem endurskoðaði úthlutunarreglur STEFs hvað varðar flokkunarkerfið, skoðað leið þar sem höfundar áttu sjálfir að meta sín verk til úthlutunar og sé það þess virði að skoða þessa leið frekar, en slíkt myndi geta örvað mjög frumsköpun verka.

Bragi Valdimar svaraði því til, að þessi tillaga hafi verið svo sannarlega til skoðunar á sínum tíma, en ekki hlotið brautargengi að lokum. Skoða megi líka Menningarsjóð STEFs í þessu sambandi, en í gegnum hann og aðra sjóði STEFs sé verið að styrkja frumsköpun, svo sem í formi þess að halda lagahöfundabúðir. Í því sambandi megi sérstaklega líta til þess að sjóðir STEFs hafi tekið upp sérstaka nýliðastyrki fyrir tveimur árum, til að styrkja nýliðun og grasrótina. Slíkt hafi aukið mjög aðsókn yngri höfunda í sjóði STEFs. Þá hafi verið stofnaður sérstakur *Stórverkasjóður*, sem ætlað er að fjármagna stærri verk, enda þótt fjármagnið í hann mætti svo sannarlega vera hærra. Þá hafi meginsteifið í þeirri leið sem að lokum hafi verið valin í stað flokkunarkerfisins verið sú, að öll verk séu fædd jöfn. Hins vegar sé því ekki að leyna, að starfsumhverfi tónskálda á Íslandi sé ekki nægilega gott og að mörgu leyti ólíkt því sem gerist erlendis, þar sem hægt er að leita til mun fleiri sjóða. Þetta óhentuga starfsumhverfi endurspeglar í því að STEF er að berjast við helstu menningarstofnanir landsins um að fá sanngjarna endurgreiðslu, eins og RÚV og Sinfóníuhljómsveitina, sem ættu miklu frekar að vera með höfundum í liði, í stað þess að leggja stöðugt til lækkun á greiðslum til höfunda. Sjálfsagt sé að ræða þessi mál áfram í víðu samhengi.

Puríður Jónsdóttir vildi bæta aðeins við varðandi tónleikahald hér á landi, að það væri almennt erfitt að ná 100 áhorfenda viðmiðinu fyrir tónleika, miðað við fjölda íbúa hér á landi. Guðrún Björk útskýrði verðskrá STEFs fyrir tónleika og sagði að til þess að geta úthlutað meira til höfunda fyrir minni tónleika, þá þurfi að hækka lágmarksgreiðslur skv. verðskrá sem tónleikahaldarar greiða, nema þá að hreinlega verði horfið til fyrri framkvæmdar á þann hátt að greiða uppþætur á tiltekna tegund tónleika. Nokkrar umræður urðu í framhaldinu um viðmið lágmarksgreiðslu og var því vísað til skrifstofu STEFs að skoða þessi mál betur. Um leið sé þó mikilvægt að lágmarksgreiðsla fyrir litla tónleika sé ekki það há, að hún sligi minni tónleikahaldara.

Óttarr Proppé þakkaði Áskeli fyrir að nota þennan vettvang til að ræða mikilvæg mál sem varða höfunda og það sama ætti við um orð formanns, um að horfa til sameiginlegra hagsmunamála höfunda út á við.

Logi Pedro gerði ávarp framkvæmdastjóra í ársskýrslu að umtalsefni, þar sem hún minntist á svindl á streymisveitum. Í því sambandi minntist Logi á að gervigreind gæti nú hermt eftir hvaða tónlistarmanni sem er. Þetta sé mjög stórt mál fyrir höfunda og spurning hvort og þá hvernig STEF geti brugðist við og verndað tekjur höfunda. Bragi Valdimar svaraði því til, að það væri í bígerð að halda málþing um gervigreind og höfundarétt með haustinu. Guðrún Björk gerði einnig grein fyrir vinnu Evrópusamtaka höfundaréttarsamtaka (GESAC) og nefndi að Evrópuþingið væri að vinna að tilskipun um gervigreind. Bent var á, að því almennari sem notkun gervigreindar verði, því erfiðara verði að sporna við henni. Bragi Valdimar benti á, að mikilvægt væri einnig að horfa á þau tækifæri sem felast í gervigreind sem tæki til tónsköpunar.

Samúel kom inn á það, að gervigreind væri að hafa áhrif á allar listgreinar og nauðsynlegt sé að endurskoða höfundalög í þessu sambandi og hvernig þau geta verndað höfunda betur gegn því að verk væru samin af gervigreind, sem hljómi eins og eftir tiltekinn höfund eða í flutningi tiltekins flytjanda.

Páll Ragnar velti því upp hvert tekjur af tónlist sem er samin af gervigreind færu og hvort höfundaréttarsamtök geti á einhvern hátt öðlast hlutdeild í þeim.

Ríkharður sagði að tæknin sé komin til að vera og að við verðum að læra að lifa með henni.

Lokaorðin í þessu máli voru Braga, sem sagði að heimurinn væri að breytast hratt og lausn væri ekki í sjónmáli.

Samúel sagði að lokum, að greiðsla fyrir atkvæði í Söngvakeppninni (símakosning), væri í raun sala á tónlist og því væri eðlilegt að tekjur af því færu m.a. til höfunda.

Ekki voru borin upp fleiri mál.

Fundi var slitið af formanni kl. 18:10.